

Mánudaginn 25. dag septembermán.

Nr. 27/1911:

Guðmundur Jónasson

gegn

Hannesi Thorsteinson f. h.

Salomon Davidsens.

D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðsstöð hefir skotið til yfirdómsins 2 úrskurðum, uppkeðnum í fógetarétti Dalasýslu 27. og 28. apríl þ. á., í aðfararmáli milli hans og Hannesar Thorsteinsons kand. jur. fyrir hönd Salomon Davidsens stórkaupmanns í Kaupmannahöfn, og krafist þess, að úrskurðirnir verði að öllu úr gildi feldir, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Af hálfu stefnda hefir eigi verið mætt í yfirdóminum og ber því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1799 2. gr. að dæma málið eftir skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt í dóm.

Með fógetagjörð 23. júlí 1909 lét stefndi gjöra fjárnám hjá áfrýjanda til lúkningar skuld, kr. 3753,64, samkvæmt landsyfírréttardómi 1. febr. 1909 í ýmsum fjármunum honum tilheyrandi, þar á meðal í sauðfénaði, 60 hrútum, 25 ám, er virtur var á samtals 1265 kr. Fjárnámsgjörð þessari skaut áfrýjandi til yfirdómsins, og var hún staðfest með dómi 31. okt. f. á., en meðan á málskotinu stóð, voru fjárnámsmunirnir í vörzlu áfrýjanda. En síðastliðið vor krafðist stefndi, að fógétinn tæki þá úr höndum áfrýjanda og fengi sér til umráða til sölu á nauðungaruppboði, og tók fógétinn þá kröfu til greina

með úrskurðinum 27. apríl þ. á., en með því að fyrgreindur sauðfénaður kom þá ekki fram, og var að sögn áfryjanda ekki til, krafðist stefndi framhaldsfjárnáms fyrir matsupphæð fénaðarins kr. 1265,00, svo og fyrir áföllnum vöxtum og aðfararkostnaði, samtals kr. 2374,94, og með úrskurðinum 28. apríl f. á. félst fógetinn einnig á þá kröfu, þó svo, að 88 kr. skyldu dragast frá henni, og var samkvæmt því framhaldsfjárnám gjört fyrir kr. 2286,94.

Fyrir fógetaréttinum studdi áfryjandi mótmæli sín gegn afhendingu fjármunanna við það tvent, að umboð manns þess, er mætti við gjörðina fyrir stefnda, næði eigi til þess að heimta munina framselda, en að eins til þess að krefjast uppboðssölu á þeim, og að stefndi hefði glatað rétti sínum eftir fjárnáminu, með því að hann hefði eigi látið fara fram sölu á mununum í tækan tíma lögum samkvæmt. En hvorugt þetta er á rökum byggt. Umboðið verður að teljast fullnægjandi, með því að umboðsmanninum er þar falið að framkvæma sérhvað það, sem með þarf til þess að uppboðið nái fram að ganga, og felst þar í að sjálfsögðu, að ná umráðum yfir fjármunum. Þá er hitt eigi heldur rétt, að stefndi hafi mist fjárnámsréttinn fyrir það, að hann hafi eigi í tækan tíma komið fram nauðungaruppboði eða komið fénu úr höndum áfryjanda, með því að eigi er neitt framkomið um það í málinu, að áfryjandi sé lýstur gjaldþrota eða að aðrir lánardrottnar hans hafi gjört fjárnám hjá honum, sbr. lög um aðför 4. nóv. 1887, 50. gr., enda hafa engin mótmæli gegn fjárnáminu komið fram frá öðrum lánardrottnum áfryjanda. Þá er því enn fremur haldið fram, fyrir yfirdóminum, að fjárnámsgjörðin 23. júlí 1909 hafi eigi verið lögð fram til að fara eftir við afhendinguna, og

sé úrskurðurinn 27. apríl þannig af þeirri ástæðu hrein endileysa. En engin ástæða er til að ónýta úrskurðinn fyrir þessa sök, með því að málsaðilar voru í fúgetaréttinum ásáttir um, að hinir afhentu munir væru þeir sömu og teknir voru fjárnámi við gjörðina 23. júlí 1909, enda hefir það eigi heldur verið véfengt fyrir yfirdóminum, að svo hafi verið. Með því að önnur andmæli gegn afhendingargjörðinni, er til álita geti komið, hafa eigi komið fram, verður að staðfesta hinn áfryjaða úrskurð, uppkevðinn 27. apríl þ. á.

Fyrir ógilding framhaldsfjárnámsins er hér fyrir réttinum aðallega talin sú ástæða, að engin aðfararheimild hafi verið framlögð við fúgetagjörðina og eigi heldur hin fyrri fjárnámsgjörð. En þetta verður eigi talið nauðsynlegt, þar sem dómurinn, er heimilar fjárnámið, var lagður fram við fúgetagjörðina 23. júlí 1909, en aðförin 28. apríl 1911 var framhald þeirrar gjörðar, og var þá nægilegt að aðfararheimildin var lögð fram við fyrri gjörðina, enda var enginn ágreiningur um þetta atriði milli málsaðila fyrir fúgetaréttinum og eigi bar þeim heldur á milli neitt, er máli skifti um það, er fram fór við hina fyrri fjárnámsgjörð, svo að fyrir þá sök bæri nauðsyn til að leggja hana fram.

Áfryjandi skýrði frá því í fúgetaréttinum, að hann gæti eigi svarað til sauðfénaðarins, er löghald var lagt á við hina fyrri fjárnámsgjörð og metinn var á 1265 kr., því að hrútarnir hefðu aldrei verið til og ærnar hefðu ekki verið sérkendar við fjárnámið. Engu að síður heldur hann því fram, að stefni eigi ekki rétt á frekara fjárnámi, þó að fénaður þessi gengi frá, með því að hann hafi gjört sig ánægðan með munina, er fjárnámi voru

teknir, enda hefðu þeir verið alt of lágt virtir, svo að þeir, sem eftir eru, séu nægilegir til lúkningar skuldinni, svo sé og eigi heimild til að halda áfram fjárnámi, meðan eigi sé sannað með uppboðssölu, að andvirði munanna nægði ekki.

Við fjárnámsgjörðina 23. júlí 1909 áskildi stefndi framhaldsfjárnám fyrir áfallandi vöxtum og kostnaði, og eigi verður gjört ráð fyrir að hann hafi talið fjárnámið fullnægjandi að öðru leyti eða gjört sig ánægðan með það, nema því að eins að munirnir allir, er hann fekk fjárnám á, kæmu fram til uppboðssölu, en þar sem þetta eftir skýrslu áfrýjanda ekki getur orðið, án þess að stefnda verði gefin sök í því efni, verður hann að eiga rétt á, að aðrir fjármunir áfrýjanda verði teknir fjárnámi í stað þeirra, er frá hafa gengið, án þess að uppboðssala fari fyrst fram á munum þeim, sem eftir eru, og í því efni skiftir það eigi máli, hvort munir þessir hafi verið rétt metnir við hina fyrri fjárnámsgjörð, með því að sú gjörð stendur óröskuð. Það verður því að telja framhaldsfjárnámið löglegt að því er kemur til umgetinna 1265 kr.

Af fjárnámskröfunni hefir áfrýjandi að öðru leyti að eins mótmælt nokkrum póstum á ferðakostnaðarreikningi umboðsmanns stefnda, sérstaklega fæðispeningum 40 kr. og dagpeningum 10 kr. á dag, er hann telur of háa, svo og, vegna vantandi sannana, 4 kr. fyrir flutning á og úr skipi og 4 kr. til þjóna. En með því að áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á, að fæðispeningar og dagpeningar umboðsmannsins séu hærri en hæfilegt er og venjulegt að gjalda fyrir slíkar innheimtuferðir, og með því að eigi er venja að taka kvittanir fyrir síðarnefndum gjöld-

um, þykir eigi heldur eiga að taka þessi mótmæli áfryjanda til greina, og ber því einnig að staðfesta hinn áfryjaða úrskurð uppkveðinn 28. apríl þ. á.

Kröfu áfryjanda um ómerking nokkurra ummæla, er umboðsmaður stefnda lét bóka í fógetaréttinum og sekt fyrir þau, er eigi ástæða til að taka til greina.

Eftir úrslitum málsins, og með því að stefndi hefir eigi mætt í yfirdóminum, á málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfryjuðu úrskurðum skal óraskað. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. dag. októbermán.

Nr. 8/1911: Bataabyrgðarfélag Vestmanneyja
 gegn
 hinu danska steinolíuhlutafélagi.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði og rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, lögsótti bataabyrgðarfélag Vestmanneyja framkvæmdarstjóra félagsins, A. Philipsen, fyrir hönd hlutafélagsins eða til vara fyrir sína eigin hönd til greiðslu á skaðabótum, sem bataabyrgðarfélagið hafði orðið að greiða fyrir missi tveggja vélarbáta, sem váttrygðir höfðu verið í félaginu, kr. 7936,80 auk 6% ársvaxta frá